

Uppgjör mjólkur fyrir verðlagsárið 2009/2010

Á verðlagsárinu 2009/2010 var mjólkurframleiðsla sem skráð var hjá Bændasamtökum Íslands samtals 161.572.852 lítrar. Greiðslumark verðlagsársins var 155.000.000 lítrar og umframmjólk verðlagsársins varð því 6.572.852 lítrar.

Aðildarfélag SAM fluttu út verulegt magn af mjólkurafurðum verðlagsárið 2009/2010. Umreiknað á próteingrunn nam útflutningurinn 9.143.788 lítrum en umreiknað á fitugrunn 12.168.792 lítrum. Útflutningur mjólkurvara á vegum aðildarfélaga SAM á verðlagsárinu 2009/2010 ásamt umreikningi útflutningsins í lítra mjólkur á fitu- og próteingrunni var sem hér segir:

Útflutningur aðildarfélaga SAM verðlagsárið 2009/2010

Vöruflokkur	Kíló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (lítrar)	prótein (lítrar)
Skyr	222.496	8.072	688.095
Smjör	580.000	12.013.540	842.740
Sérostar	4.911	49.680	33.304
Undanrennuduft	650.000	97.500	7.579.650
Samtals:	1.427.407	12.168.792	9.143.650

Útflutningur mjólkurafurða hjá aðildarfélagum SAM samsvaraði mjólkurmagni sem var um 2,6 milljónum lítrum hærra, á próteingrunni, en öll umframmjólk sem félagin tóku á móti. Aðildarfélag SAM deila með sér kostnaði vegna útflutningsins í samræmi við skiptingu framleiddrar umframmjólkur hjá hverju aðildarfélagi.

Samkvæmt 52. grein laga nr. 99/1993 skal framleiðsla mjólkur umfram greiðslumark fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar. Samkvæmt framangreindum tölum er ljóst að aðildarfélag SAM hafa flutt á erlendan markað vörur sem samsvara móttekinni umframmjólk verðlagsársins og þar með uppfyllt framangreint ákvæði búvörlaga. Sem lið í birgðastjórnun hafa aðildarfélagin jafnframt flutt út mjólk umfram ákvæði búvörlaga.

Samstarfsnefnd SAM og BÍ afgreiðir mjólkuruppgjör hvers verðlagsárs og sendir til Framkvæmdanefndar búvörusamninga til staðfestingar. Mjólkuruppgjör vegna verðlagsársins 2009/2010 var afgreitt á fundi stjórnar SAM 2. mars 2011 og sent til Samstarfsnefndar SAM og BÍ.